
7.600 tonna framleiðsluaukning á laxi í Ísafjarðardjúpi á vegum Arctic Sea Farm Ákvörðun um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 18. janúar 2017 barst Skipulagsstofnun tillaga Arctic Sea Farm að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar aukningar framleiðslu um 7.600 tonn af laxi í Ísafjarðardjúpi samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Strandabyggðar, Súðavíkurrepps, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Laxeldi í Ísafjarðardjúpi. Framleiðsluaukning um 7.600 tonn í kynslóðaskiptu eldi. Arctic Sea Farm, 18. janúar 2017.

Umsagnir bárust frá:

- Ísafjarðarbæ, með tölvubréfi dags. 20. febrúar 2017.
- Súðavíkurreppi, með bréfi dags. 31. janúar 2017.
- Ferðamálastofu, með bréfi 18. febrúar 2017.
- Fiskistofu, með bréfi dags. 15. febrúar 2017.
- Hafrannsóknastofnun, með bréfi dags. 21. febrúar 2017.
- Matvælastofnun, með bréfi dags. 9. febrúar 2017.
- Minjastofnun Íslands, með bréfi dags. 8. febrúar 2017.
- Náttúrufræðistofnun Íslands, með bréfi dags. 13. febrúar 2017.
- Orkustofnun, með bréfi dags. 8. mars 2017.
- Samgöngustofu, með bréfi dags. 8. febrúar 2017.
- Umhverfisstofnun, með bréfi dags. 7. febrúar 2017.

Athugasemdir bárust frá:

- Landeigendum við Snæfjallaströnd, með bréfi dags. 7. febrúar 2017.
- Landssambandi veiðifélaga, með bréfi dags. 7. febrúar 2017.
- NASF, Verndarsjóði villtra laxastofna, með bréfi dags. 8. febrúar 2017.
- Óttari Yngvasyni, f.h. Veiðifélags Laxár á Ásum, Atla Árdals Ólafssonar, Varplands ehf. og eigenda Haffjarðarár, með bréfi dags. 7. febrúar 2017.
- Pétri G. Thorsteinssyni, f.h. eigenda Ármúla I og II og Melgraseyrar, með bréfi dags. 8. febrúar 2017.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfum dags. 27. febrúar, 8. maí og 2. og 7. júní 2017.



3 Framkvæmd og umhverfisáhrif

3.1 Framkvæmdalýsing

Í tillögu Arctic Sea Farm (ASF) að matsáætlun kemur fram að áformuð er 8.000 tonna framleiðsla á laxi á þremur eldissvæðum í Ísafjarðardjúpi; við Sandeyri við Snæfjallaströnd, í Laugarvík í Skötufirði og við Arnarnes í mynni Skutulsfjarðar. Fyrirtækið hefur þegar rekstrarleyfi til framleiðslu á 200 tonnum af laxi og silungi við Snæfjallaströnd og 200 tonnum í Skötufirði og nemur framleiðsluaukningin 7.600 tonnum. Fyrirtækið hefur einnig starfsleyfi fyrir 4.000 tonna framleiðslu á regnbogasilungi við Sandeyri á Snæfjallaströnd.

Eldið er áformað í þremur kynslóðum. Þegar slátrun er lokið úr öllum kvíum að hausti á þriðja ári eru eldiskvíar fjarlægðar. Viðkomandi eldissvæði er þá hvílt að lágmarki í þrjú mánuði og allt að sex mánuði til að tryggja að lúsasmit berist ekki milli kynslóða, að botndýralíf undir eldiskvíum verði ekki fyrir langvarandi röskun og til að tryggja endurnýjun á botndýrafánu.

Í frummatsskýrslu þarf, auk þess sem lýst er í tillögu að matsáætlun, að gera grein fyrir tengdri starfsemi á landi, svo sem vegna þjónustu við kvíar og löndun. Sama gildir um tilfærslu á eldissvæðum frá því sem gert er ráð fyrir í tillögu að matsáætlun sbr. kafla 3.7 hér á eftir.

3.2 Burðarþolsmat

Burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar fyrir Ísafjarðardjúp var kynnt 10. mars 2017, þ.e eftir að tillaga ASF var lögð fram til afgreiðslu. Niðurstaða burðarþolsmatsins er að hámarkslífmassi fiskeldis í Ísafjarðardjúpi sé 30 þúsund tonn. Fram kemur í burðarþolsmatinu að svæðið innan Æðeyjar og innfirðir Djúpsins séu margir með þrengingum við mynni og meðalstraumur í þeim veikari en úti í Djúpi. Æskilegt sé að eldismassi sé að mestum hluta utar í Djúpinu og áhersla lögð á að eldi innan við Æðey verði ekki meira en áætlað er í janúar 2017.

Við gerð frummatsskýrslu skal leggja fyrirbyggjandi burðarþolsmat fyrir Ísafjarðardjúp til grundvallar. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig fyrirhugað eldi samræmist því sem fram kemur í burðarþolsmatinu um að eldismassi sé að mestum hluta utar í Djúpinu.

3.3 Botndýralíf

Fram kemur í tillögu ASF að fyrirhugað er að meta áhrif eldisins m.t.t. lífræns álags á botndýralíf undir eldiskvíum og á nærsvæði eldissvæða, hvíldar og endurnýjunartíma botnets og botndýralífs.

Hafrannsóknastofnun bendir á í umsögn sinni að samkvæmt tillögu að matsáætlun sé mikill munur á stærð fyrirhugaðra eldissvæða og að lífrænt álag á eldissvæðum geti orðið mjög mismunandi. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að vanda val á sýnatökustöðum við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á botndýralíf og að sýnataka endurspegli fjölbreytileika rannsóknarsvæðisins. Stofnunin telur að upplýsingar skorti um hvað langan tíma botndýrafána svæðisins þurfi til að endurnýja sig og hvort rannsakað hafi verið hvaða áhrif það hafi á botndýralíf til langs tíma að vera í fyrirhuguðu álags- og hvíldarferli. Gera þurfi grein fyrir niðurstöðum slíkra rannsókna og setja í samhengi við að eldi sem fyrirhugað er og þann hvíldartíma sem áætlaður sé í eldi ASF.

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir því hvort þriggja mánaða hvíld sé nægilega langur tími til að endurheimta botndýralíf á viðkomandi svæðum. Stofnunin telur að í umfjöllun um lífrænt álag vegna eldisins þurfi að gera grein fyrir hverju það muni bæta við þá mengun sem þegar er losuð í viðtakann. Hægt sé að byggja á niðurstöðum vöktunar hjá þeim fyrirtækjum sem eru með rekstur á svæðinu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um losun á lífrænum úrgangi frá framleiðslunni, lífrænt álag sem úrgangsefni geta valdið og mótvægisáðgerðir vegna slíkra áhrifa. Einnig kemur fram að ASF hafi látið framkvæma reglulegar mælingar á botndýralífi



undir og við eldiskvíar sínar sem og á fyrirhuguðum eldissvæðum og muni gera grein fyrir þeim niðurstöðum sem liggja fyrir við gerð frummatsskýrslu. Við vöktun og greiningu á fjölbreytileika á botndýrum verði stuðst við ISO 12878 staðalinn.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Hafrannsóknastofnunar og Umhverfisstofnunar um sýnatöku, endurnýjunartíma botndýrafánu og langtímaáhrif eldis miðað við áformaða útsetningaráætlun. Í frummatsskýrslu þarf að leggja mat á áhrif eldisins á botndýralíf m.t.t. skipulags eldisins, uppsöfnunar næringarefna, súrefnisnotkunar og burðargetu svæðisins.

3.4 Fisksjúkdómar og laxalús

Í tillögu ASF að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir mati á sjúkdómahættu gagnvart hugsanlegum smitleiðum frá eldissvæðunum. Unnið verði mat á sjúkdómahættu og vörnum með tilliti til villtra stofna laxfiska, s.s. bleikju- og urriðastofna í Ísafjarðardjúpi. Gerð verði grein fyrir hugsanlegum smitleiðum laxalúsar og smitsjúkdóma frá eldissvæðunum.

Fram kemur að ASF hafi látið gera straummælingar á fyrirhuguðu eldissvæði við Sandeyri. Þær uppfylli ekki kröfur staðalsins NS9415 og þurfi því að endurtaka þær, auk þess sem gera þurfi straummælingar á eldissvæðum við Arnarnes og Laugarvík. Samkvæmt tillögu að matsáætlun verða gerðar staðarúttektir á hverri eldisstöð í samræmi við reglugerð um fiskeldi. Í frummatsskýrslu verði fjallað um niðurstöður straummælinga við eldisstaðsetningar í samræmi við NS9415 staðalinn.

Landssamband veiðifélaga telur að framkvæmdaraðili eigi að leggja fram gögn Matvælastofnunar um vöktun á sjúkdómaástandi og lúsatalningum í Ísafjarðardjúpi. Þá beri framkvæmdaraðila að afla upplýsinga um afföll í laxeldi í Ísafjarðardjúpi og á sunnanverðum Vestfjörðum.

NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna heldur því fram að lirlur laxalúsar geti borist lifandi allt að 200 km leið og sóttkveikja um 100 km. Í tillögu að matsáætlun sé ekki greint frá aðgerðum sem gripið verði til ef upp kemur laxalús í eldinu, né að hvaða leyti mótvægisáðgerðir og viðbragðsáætlanir verða betri en raunin hefur verið í öðru eldi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir hvernig velferð eldisfisks verði tryggð og einnig verði fjallað um möguleg áhrif á nytjastofna. Varnir gegn laxalús, skipulag eldisins, verklag og framkvæmd fylgi ASC vottunarstaðli sem setji strangar kröfur varðandi velferð og afföll.

Nýlega hefur Matvælastofnun samþykkt lyfjameðhöndlun til varnar laxalús í sjókvíum í Arnarfirði, sem eru viðbrögð við því að á nýliðnum vetri var meira um laxalús í firðinum en áður hefur verið. Skipulagsstofnun telur að þetta undirstriki það sem fram hefur komið í umsögnum og athugasemdum í þessu máli og öðrum sambærilegum, að hætta getur verið á lúsafaraldri frá fiskeldi. Því telur stofnunin mikilvægt að í mati á umhverfisáhrifum fiskeldis í sjó sé sett fram spá um líklegar smitleiðir lúsasmits og smitsjúkdóma frá fyrirhuguðum eldissvæðum. Fisksjúkdómar og laxalús berast með straumum í yfirborði sjávar og því er þekking á yfirborðsstraumum á eldisstað nauðsynleg til að hægt sé að meta líklegt rek lúsarlifa og smits frá eldinu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir spá um líklega dreifingu smitsjúkdóma og laxalúsar frá eldissvæðum fyrirhugaðs eldis, byggt á niðurstöðum mælinga á yfirborðsstraumum á eldissvæðum (sbr. kafla 5.2 í staðlinum NS9415) og öðrum fyrirbyggjandi gögnum. Meta þarf áhættu af þeim þáttum fyrir villta laxfiska í Djúpinu og á Vestfjörðum. Jafnframt þarf að gera grein fyrir hvaða fyrirkomulag er áformað til að koma í veg fyrir að smit berist í sjó þegar eldisfiski er slátrað.



3.5 Villtir laxastofnar

Í tillögu að matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir mögulegum áhrifum strokulaxa á erfðamengi náttúrulegra laxastofna á Vestfjörðum. Við matið verði stuðst við erlendar rannsóknir og aðrar heimildir.

Í umsögnum Fiskistofu, Umhverfisstofnunar og Súðavíkurrepps er lögð áhersla á að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir hættu á slysasleppingum frá fiskeldi og þeim áhrifum sem slysasleppingar og erfðablöndun eldislax og villts lax getur haft í för með sér. Einnig er lögð áhersla á að gerð verði grein fyrir fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir slysasleppingar frá fiskeldinu. Fiskistofa telur að veiðihagsmunir í Ísafjarðardjúpi séu verulegir og að ef óhöpp verði í sjókvíaeldi á laxi í Ísafjarðardjúpi sé hættu á að fiskar kunni að berast í ár og hafa óæskileg áhrif á náttúrulega stofna. Súðavíkurreppur telur mikilvægt að kanna áhrif framkvæmdarinnar á laxveiðiár í sveitarfélaginu.

Í athugasemdum Landssambands veiðifélaga, Óttars Yngvasonar og Verndarsjóðs laxastofna í Norður-Atlantshafi (NASF) er farið fram á ítarlega umfjöllun um fiska sem sleppa úr eldi, fyrirbyggjandi aðgerðir varðandi strokulaxa og hvernig tilkynningu um slysasleppingar og önnur óhöpp í eldinu verður hagað. Enn fremur hvernig eldisfyrirtækið áformar að axla ábyrgð ef strokulaxar valda tjóni á íslenskum laxastofnum. Einnig beri að gera grein fyrir mögulegum neikvæðum áhrifum eldisins á náttúrulega laxa- og silungastofna og hvernig sé mögulegt að vernda þá, gera grein fyrir fjarlægð eldisins frá gjöfulum veiðiám og leggja fram rökstutt mat á líkum þess að strokfiskur frá fyrirhuguðu eldi hafi áhrif á fiskstofna í ám landsins. Verndarsjóður laxastofna í Norður-Atlantshafi (NASF) og Pétur G. Thorsteinsson telja að fjalla þurfi nánar um bleikjustofninn í og við Ísafjarðardjúp, stærð hans og farleið bleikjunnar og veiði í nærliggjandi ám og möguleg áhrif fiskeldisins á stofninn.

Í svörum framkvæmdaraðila er ítrekað að fjallað verði um áhættu vegna slysasleppinga og viðbragðsáætlanir og mótvægisáðgerðir vegna þeirra í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir og meta hættu á að fiskur sleppi úr eldiskvíum og hverjar afleiðingar slíkra sleppinga geta orðið. Meta þarf hættu á erfðablöndun villtra laxastofna vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Slíkt mat byggi meðal annars á reynslu og þekkingu sem aflað hefur verið í sjókvíaeldi á Íslandi til þessa, áætlun um fjölda fiska sem sleppa úr eldi, upplýsingum um útbreiðslu og þéttleika laxfiska á Vestfjörðum og staðsetningu laxveiðiáa í Ísafjarðardjúpi og á Vestur- og Norðurlandi. Í frummatsskýrslu þarf jafnframt að gera ítarlega grein fyrir öryggisþáttum er varða eldisbúnað og verklag, sem varna eiga því að fiskur sleppi úr eldiskvíum.

3.6 Fuglalíf

Í tillögu að matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að fjölbreytt fuglalíf sé við Ísafjarðardjúp. Helstu sjóflugasvæðin séu í Æðey, Vigur og Borgarey og séu þessi svæði flokkuð sem alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA). Nánar verði fjallað um fuglalíf í frummatsskýrslu auk umfjöllunar um sjávarspendýr, seli og hvali.

Verndarsjóður laxastofna í Norður-Atlantshafi (NASF) telur að í frummatsskýrslu þurfi að meta áhrif eldisins á æðarfugl í Ísafjarðardjúpi til viðbótar umfjöllun um sjófugla og sérstaklega beri að gera grein fyrir skaðlegum áhrifum vegna grútar- og saurmengunar á lífríkið. Pétur G. Thorsteinsson telur þörf á nánari umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf.

Í frummatsskýrslu þarf að meta áhrif eldisins á æðarfugl í Ísafjarðardjúpi til viðbótar við áformaða umfjöllun um sjófugla.



3.7 Siglingaleiðir og haf- og strandnytjar

Í umsögn Ísafjarðarbæjar er lýst andstöðu við að staðsetja eldiskvíar á fyrirhuguðum stað út af Arnarnesi í Skutulsfirði. Staðsetningin myndi skerða aðkomu stærri skipa og þrengja athafnasvæði þeirra, þ.m.t. skemmtiferðaskipa, flutningaskipa og stærri olíuskipa. Í umsögn Samgöngustofu er bent á að gæta þurfi þess að eldiskvíar valdi ekki truflun á siglingum.

Í svörum framkvæmdaraðila er brugðist við framangreindum athugasemdum með tillögu að færslu eldissvæðisins við Arnarnes.

Í tillögu að matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu sé fyrirhugað að gera grein fyrir veiðum fiskiskipa í Ísafjarðardjúpi, byggt á veiðidagbókum Hafrannsóknastofnunar. Lagt verði mat á áhrif eldisins á veiðar nytjastofna og fyrirbyggjandi áætlanir um nýtingu kalkþörungna á hafsbotni. Við staðsetningu eldissvæðanna hafi verið tekið tillit til útbreiðslu og veiða á rækju og fjallað verði um fyrirbyggjandi rannsóknir og gögn um rækjustofninn í frummatsskýrslu.

Hafrannsóknastofnun vekur í umsögn sinni athygli á því að stofnunin er með togstöðvar vegna þriggja mismunandi stofnmælinga í Ísafjarðardjúpi. Eldiskvíar verði að vera í að minnsta kosti 200 m fjarlægð frá togstöðvunum. Fyrirhugað eldissvæði við Laugarvík rekist á togslóð í stofnmælingu Hafrannsóknastofnunar.

Í svörum framkvæmdaraðila er vísað í fyrri samskipti hans við Hafrannsóknastofnun og bent á að Háafelli ehf. hafi verið heimilað að staðsetja eldissvæði yfir togslóð stofnunarinnar í Skötufirði.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir siglingaleiðum í Ísafjarðardjúpi og meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á siglingar og aðra sjótengda starfsemi. Gera þarf grein fyrir útbreiðslu nytjastofna og leggja mat á áhrif fiskeldisins á veiðar og aðrar nytjar í Ísafjarðardjúpi. Eldissvæði þurfa að liggja í fullnægjandi fjarlægð frá togstöðvum Hafrannsóknastofnunar.

Með erindum 2. og 7. júní 2017 lagði Arctic Sea Farm fram tillögu að nýju eldissvæði við Vigur sem er ætlað að koma í stað eldissvæðis í Skötufirði. Skipulagsstofnun tilkynnti Arctic Sea Farm 9. júní 2017 að nýtt eldissvæði við Vigur feli í sér slíkt frávik frá þeirri framkvæmd sem kynnt hefur verið í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun að það kalli á nýja málsmeðferð samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sem hefst með auglýsingu framkvæmdaraðila á tillögu hans að matsáætlun.

3.8 Vöktun

Í tillögu ASF að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði sett fram vöktunaráætlun vegna þekktra umhverfisáhrifa á vistkerfi og lífríki á nærsvæði framkvæmdarinnar. Í henni verði m.a. kynnt viðbragðsáætlun og tillögur að mótvægisáðgerðum varðandi áhrif á villta laxastofna.

Hafrannsóknastofnun telur þurfa nákvæma vöktun með viðurkenndum aðferðum við sýnatöku, mælingar og greiningu, til að leggja til grundvallar við endurmat á burðarþoli Ísafjarðardjúps.

Fiskistofa bendir í umsögn sinni á mikilvægi þess að fram komi í frummatsskýrslu til hvaða aðgerða verður gripið ef sjúkdómar eða sníkjudýr verða vandamál í eldinu.

NASF, Verndarsjóður villtra laxastofna heldur því fram að lirlur laxalúsar geti borist lifandi allt að 200 km leið og sóttkveikja um 100 km. Í tillögu að matsáætlun sé ekki greint frá aðgerðum sem gripið verði til ef upp kemur laxalús í eldinu, né að hvaða leyti mótvægisáðgerðir og viðbragðsáætlanir verða betri en raunin hefur verið í öðru eldi.

Skipulagsstofnun áréttar að í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að starfsemin er komin í rekstur. Þar þarf að gera grein fyrir áformaðri vöktun á ástandi sjávar, byggt á staðlinum ISO 12878 og ábendingum Hafrannsóknastofnunar,



smitsjúkdómum og lúsasmiti, sleppingum og eldisbúnaði. Varðandi framkvæmd súrefnismælinga vísar stofnunin til leiðbeininga OSPAR¹.

Í vöktunaráætlun þurfa að koma fram viðmið sem notuð verða til að meta ástand viðkomandi umhverfisþáttar. Einnig viðbragðsáætlun sem fylgt verður ef niðurstöður vöktunar sýna fram á álag umfram sett viðmið.

3.9 Valkostir

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um framleiðslu á ófrjóum laxi og vísað til samstarfsverkefnis Arctic Sea Farm með Hafrannsóknastofnun, Hólaskóla, Stofnfiski og Landssambandi fiskeldisstöðva um framleiðslu á ófrjóum laxi.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að gert sé ráð fyrir að nota norskan kynbættan lax og telur ekki skýrt í tillögu framkvæmdaraðila hvort fjalla eigi um aðra valkosti. Náttúrufræðistofnun telur að fjalla þurfi sérstaklega um hversvegna aðrir valkostir verða ekki metnir, til dæmis í tengslum við samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og lög um náttúruvernd, m.a. 63. gr. laganna.

Í umsögn Umhverfistofnunar er farið fram á umfjöllun um aðra kosti til að minnka hættu á slyssleppingum, þ.m.t. lokaðar eldiskvíar og notkun geldfisks. Fiskistofa leggur einnig til í umsögn sinni að í mati á umhverfisáhrifum verði gerð grein fyrir hvort, og með hvaða hætti, notkun á geldfiski dragi úr umhverfisáhrifum af starfsemi.

Í svörum framkvæmdaraðila er ítrekað að í frummatsskýrslu sé fyrirhugað að fjalla um framleiðslu á ófrjóum laxi. Einnig kemur fram að framkvæmdaraðili telur að matfiskeldi á laxi í landeldi og í lokuðum sjókvím séu ekki hagkvæmir kostir.

Þann 31. maí 2017 samþykkti erfðanefnd landbúnaðarins álit um laxeldi í sjókvím. Í því er kynnt sú niðurstaða nefndarinnar að leggjast gegn notkun á frjóum, norskum eldislaxi í sjókvíaeldi við Íslandsstrendur, með hliðsjón af almennri stöðu þekkingar um áhrif eldislaxa á villta laxastofna og varúðarreglu náttúruverndarlaga. Nefndin telur að eldi á frjóum laxi í sjókvím geti valdið óafturkræfum breytingum á erfðasamsetningu íslenskra laxastofna með ófyrirséðum afleiðingum sem samrýmist ekki markmiðum laga um fiskeldi, laga um náttúruvernd og samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni sem leggur áherslu á að vernda lífríki á öllum skipulagsstigum þess, þ.m.t. þeirra erfðaauðlinda sem lífríkið býr yfir. Að mati nefndarinnar er frekari útgáfa leyfa til eldis á frjóum laxi af erlendum uppruna í sjókvím óforsvaranleg miðað við stöðu leyfisveitinga og skort á upplýsingum um áhrif eldisins á villta laxastofna í íslenskum ám. Nefndin ráðleggur stjórnvöldum að koma í veg fyrir alla frekari útgáfu leyfa til sjókvíaeldis á laxi. Nefndin ráðleggur vöktun á erfðablöndun og hlutdeild eldislaxa í laxám á og við fiskeldissvæði. Jafnframt hvetur nefndin til að hafnar verði rannsóknir á notkun ófrjórna eldislaxa samhliða því að kannaðar verði aðrar aðferðir en sjókvíaeldi til laxeldis, þ.e. aðferðir sem koma í veg fyrir slyssleppingar eins og t.d. landeldi í endurnýtingarkerfum.

Samkvæmt lögum og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum skal í frummatsskýrslu lýsa öðrum möguleikum um framkvæmdakosti sem til greina koma. Þá skal bera saman umhverfisáhrif þeirra kosta sem kynntir eru og rökstyðja valkost framkvæmdaraðila að teknu tilliti til umhverfisáhrifa.

Vegna þeirrar óvissu sem ríkir um áhrif laxeldis í sjó með laxi af norskum uppruna á villta íslenska laxastofna, sem og með tilliti til mögulegra áhrifa á botndýralíf, smitsjúkdóma og laxalús, þarf í frummatsskýrslu að gera ítarlega grein fyrir öðrum framkvæmdakostum, svo sem með geldfiski, í lokuðum kerfum eða á landi, til að ná markmiði framkvæmdarinnar og bera saman með tilliti til

¹ OSPAR Commission 2013. Revised JAMP Eutrophication Monitoring Guideline: Oxygen.
<http://mcc.jrc.ec.europa.eu/documents/201606235006.pdf>



umhverfisáhrifa. Brýnt er að sú umfjöllun byggi á bestu fánægum upplýsingum um stöðu fiskeldis með geldfiski eða í lokuðum kerfum, þar sem reynsla er komin af slíku.

3.10 Samlegðaráhrif og gagnvirk áhrif

Í tillögu ASF að matsáætlun kemur fram að áformuð er 8.000 tonna framleiðsla á laxi á þremur eldissvæðum í Ísafjarðardjúpi; við Sandeyri við Snæfjallaströnd, í Laugarvík í Skötufirði og við Arnarnes í mynni Skutulsfjarðar. Fyrirtækið hefur fyrir rekstrarleyfi til framleiðslu á 200 tonnum af laxi og silungi við Snæfjallaströnd og 200 tonnum í Skötufirði og nemur framleiðsluaukningin 7.600 tonnum. Fyrirtækið hefur einnig starfsleyfi fyrir 4.000 tonna framleiðslu á regnbogasilungi við Sandeyri á Snæfjallaströnd.

Sjávareldi ehf. hefur leyfi til eldis á samtals 400 tonnum af laxi og þorski í Skutulsfirði og Háafell ehf. leyfi fyrir allt að 6.800 tonnum af regnbogasilungi og allt að 200 tonnum af þorski í innanverðu Ísafjarðardjúpi. Auk áforma ASF um laxeldi í Ísafjarðardjúpi áformar Háafell framleiðslu á 6.800 tonnum af laxi og Arnarlax 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Ísafjarðardjúpi.

Fram kemur í tillögu ASF að matsáætlun að áformað eldi fyrirtækisins er í innan við 5 km fjarlægð frá annarsvegar eldissvæði Sjávareldis við Arnarnes út af Skutulsfirði og hinsvegar fyrirhuguðu eldissvæði Arnarlax við Sandeyri og Óshlíð.

Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun telja að skoða þurfi samlegðaráhrif jafnt í Ísafjarðardjúpi þar sem áætlað er að fara í umfangsmikið eldi sem og á landsvísu vegna erfðablöndunar og sjúkdóma, þ.m.t. mótvægisáðgerðir, rannsóknir, vöktun og eftirlit. Enn fremur telur Umhverfisstofnun að gera þurfi grein fyrir hvort þéttleiki fyrirhugaðra eldissvæða í Ísafjarðardjúpi hafi áhrif á nauðsynlega hvíld eldissvæða og hvort þriggja mánaða hvíld eldissvæða sé nægjanlega langur tími til að hindra nýsmit. Jafnframt telur stofnunin að í umfjöllun um lífrænt álag vegna eldisins þurfi að gera grein fyrir hverju það muni bæta við þá mengun sem þegar er losuð í viðtakann.

Matvælastofnun bendir í umsögn sinni á að samkvæmt reglugerð um fiskeldi er meginviðmið um lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila 5 km, nema fyrir liggja heimild til annars frá stofnuninni. Hafrannsóknastofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir forsendum þess að leyfa undanþágu frá þessum fjarlægðarmörkum, en stofnunin telur augljóst að eldið muni auka hættu á að smit og laxalús berist milli eldissvæða og mögulega auka áhrif á villta stofna laxfiska.

Í tillögu að matsáætlun og svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að sækja um heimild Matvælastofnunar til að víkja frá meginreglunni um 5 km fjarlægð milli eldissvæða vegna eldissvæða í Skutulsfirði. Í frummatsskýrslu verði ítarlegur rökstuðningur með hliðsjón af smithættu og á hvaða forsendum framkvæmdaraðili telji forsendu til undanþágu frá fjarlægðarmörkunum. Einnig kemur fram að lagt verði mat á samlegðaráhrif af laxeldi sem er fyrirhugað af Arctic Sea Farm, Háafelli, Sjávareldi og Arnarlaxi í Ísafjarðardjúpi. Samvinna verði milli fyrirtækjanna í samráði við Matvælastofnun um kynslóðaskipt eldi og hvíld eldissvæða til að tryggja samhæfða eldisferla fyrirtækjanna og lágmarka smithættu.

Í frummatsskýrslu þarf að leggja mat á samlegðaráhrif og gagnvirk áhrif núverandi og fyrirhugaðs fiskeldis í Ísafjarðardjúpi. Það varðar forsendur til að víkja frá meginreglunni um 5 km fjarlægð milli eldissvæða, áhrif á botndýralíf, smitsjúkdóma, laxalús, villta laxastofna og siglingar og aðrar sjávarnytjar, sem og á landslag. Þar sem mælingar liggja fyrir úr vöktun á núverandi starfsemi í Djúpinu, verði byggt á þeim við mat á áhrifum.



4 Niðurstaða

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Arctic Sea Farm að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Varðandi framkvæmdalýsingu þarf í frummatsskýrslu, auk þess sem lýst er í tillögu að matsáætlun, að gera grein fyrir tengdri starfsemi á landi, svo sem vegna þjónustu við kvíar og löndun. Sama gildir um tilfærslu á eldissvæðum frá því sem gert er ráð fyrir í tillögu að matsáætlun sbr. kafla 3.7 að framan. Tillaga að nýju eldissvæði við Vigur kallar á nýja málsmeðferð samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir burðarþolsmati Ísafjarðardjúps og samræmi fyrirhugaðs eldis við það.
3. Í frummatsskýrslu þarf að leggja mat á áhrif eldisins á botndýralíf m.t.t. skipulags eldisins, uppsöfnunar næringarefna, súrefnisnotkunar og burðargetu svæðisins.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir spá um líklega dreifingu smitsjúkdóma og laxalúsar frá eldissvæðum fyrirhugaðs eldis, byggt á niðurstöðum mælinga á yfirborðsstraumum á eldissvæðum (sbr. kafla 5.2 í staðlinum NS9415) og öðrum fyrirbyggjandi gögnum. Meta þarf áhættu af þeim þáttum fyrir villta laxfiska í Djúpinu og á Vestfjörðum. Jafnframt þarf að gera grein fyrir hvaða fyrirkomulag er áformað til að koma í veg fyrir að smit berist í sjó þegar eldisfiski er slátrað.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir og meta hættu á að fiskur sleppi úr eldiskvíum og hverjar afleiðingar slíkra sleppinga geta orðið. Meta þarf hættu á erfðablöndun villtra laxastofna vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Slíkt mat byggji meðal annars á áætlun um fjölda fiska sem sleppa úr eldi, upplýsingum um útbreiðslu og þéttleika laxfiska á Vestfjörðum og staðsetningu laxveiðiáa í Ísafjarðardjúpi og á Vestur- og Norðurlandi. Í frummatsskýrslu þarf jafnframt að gera ítarlega grein fyrir öryggisþáttum er varða eldisbúnað og verklag, sem varna eiga því að fiskur sleppi úr eldiskvíum.
6. Í frummatsskýrslu þarf að meta áhrif eldisins á æðarfugl í Ísafjarðardjúpi til viðbótar við áformaða umfjöllun um sjófugla.
7. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir siglingaleiðum í Ísafjarðardjúpi og meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á siglingar og aðra sjótengda starfsemi. Gera þarf grein fyrir útbreiðslu nytjastofna og leggja mat á áhrif fiskeldisins á veiðar og aðrar nytjar í Ísafjarðardjúpi. Eldissvæði þurfa að liggja í fullnægjandi fjarlægð frá togstöðvum Hafrannsóknastofnunar.
8. Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að starfsemin er komin í rekstur. Þar þarf að gera grein fyrir áformaðri vöktun á ástandi sjávar og botndýralífi, byggt á staðlinum ISO 12878 og ábendingum Hafrannsóknastofnunar, smitsjúkdómum og lúsasmiti, sleppingum og eldisbúnaði. Í vöktunaráætlun þurfa að koma fram viðmið sem notuð verða til að meta ástand viðkomandi umhverfisþátta. Einnig viðbragðsáætlun sem fylgt verður ef niðurstöður vöktunar sýna fram á álag umfram sett viðmið.
9. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir öðrum framkvæmdakostum, svo sem með geldfiski, í lokuðum kerfum eða á landi, til að ná markmiði framkvæmdarinnar og bera saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Brýnt er að sú umfjöllun byggji á bestu áanlegum upplýsingum um stöðu fiskeldis með geldfiski eða í lokuðum kerfum, þar sem reynsla er komin af slíku.
10. Í frummatsskýrslu þarf að leggja mat á samlegðaráhrif og gagnvirk áhrif núverandi og fyrirhugaðs fiskeldis í Ísafjarðardjúpi. Það varðar forsendur til að víkja frá meginreglunni um 5



km fjarlægð milli eldissvæða, áhrif á botndýralíf, smitsjúkdóma, laxalús, villta laxastofna og siglingar og aðrar sjávarnytjar, sem og á landslag. Þar sem mælingar liggja fyrir úr vöktun á núverandi starfsemi í Djúpinu, verði byggt á þeim við mat á áhrifum.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 15. júní 2017

Jakob Gunnarsson